

## Lög Kjördæmisráðs Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs í Norðvesturkjördæmi.

1.gr. Ráðið heitir Kjördæmisráð Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Norðvesturkjördæmi.

Heimili þess og varnarþing er hið sama og formanns.

2.gr. Aðild að ráðinu eiga Svæðisfélög Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í kjördæminu. Ráðið starfar samkvæmt lögum og markmiðum Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og vinnur að framgangi stefnu og markmiða flokksins á félagssvæðinu, samræmir flokksstarf og sinnir öðrum verkefnum sem því eru falin.

3.gr. Ráðið skipa fulltrúar svæðisfélaganna, kjörnir á almennum fundi, einn fyrir hverja fimm félagsmenn eða brot úr þeirri tölu, og jafnmargir til vara.

4.gr. Aðalfund kjördæmisráðs, **kjördæmisþing**, skal halda árlega á haustmánuðum og boða hann svæðisfélögunum með minnst þriggja vikna fyrirvara. Stjórn kjördæmisráðs boðar aukafundi í ráðinu ef þörf krefur og einnig skal boða til fundar ef þriðjungur svæðisfélaganna eða kjörinna fulltrúa þeirra óska þess.

5.gr. Kjördæmisþing kýs ráðinu stjórn til eins árs í senn. Skipa hana formaður og 2 stjórnarmenn að auki og skipta þeir með sér verkum að öðru leyti. Til vara skulu kjörnir 3 fulltrúar í stjórn. Einnig skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga.

6.gr. Kjördæmisráð undirbýr og afgreiðir framboð flokksins til Alþingis. Ráðið getur skipað sérstaka uppstillingarnefnd eða falið stjórn að annast það hlutverk. Framboðslisti Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í kjördæminu skal borinn undir fund kjördæmisráðs sem til er boðað eigi síðar en tveimur vikum áður en framboðsfrestur rennur út.

7.gr. Á kjördæmisþingi skal bera upp ársreikninga og flytja skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár. Kjördæmisþing ákveður einnig hvort aðildarfélagin skuli greiða árgjald til ráðsins og þá upphæð þess.

8.gr. Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi – kjördæmisþingi.

Þannig samþykkt á stofnfundi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Norðvesturkjördæmi á Hólmavík 12. janúar 2002.